

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Í stað orðanna „sbr. 5. mgr. þessarar greinar og samþykktir um þjónusturannsóknir og kennslu skv. 6. mgr. þessarar greinar“ í lokamálslið 5. mgr. 12. gr. kemur: sbr. 6. mgr. þessarar greinar og samþykktir um þjónusturannsóknir og kennslu skv. 7. mgr. þessarar greinar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr.:

- a. 16. mgr., um MA-nám í blaða- og fréttamennsku, fellur niður.
- b. Á eftir núverandi 20. mgr., um MA-nám í norrænni trú, bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

MA-nám í aðferðafræði er sjálfstætt 120 eininga nám að loknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi.

3. gr.

Á eftir staflið f í upptalningu kennslugreina í 1. mgr. 92. gr. bætist við nýr stafliður, svohljóðandi: Til MA-prófs í blaða- og fréttamennsku.

4. gr.

Í stað orðanna „sbr. f. lið 1. mgr.“ í 10. mgr. 101. gr. kemur: sbr. 3. málsl. g. liðar 1. mgr.

5. gr.

Í stað orðanna „sbr. 2. mgr. þessarar greinar“ í 8. mgr. 105. gr. kemur: sbr. 3. málsl. e. liðar 1. mgr. þessarar greinar.

6. gr.

2. málslíður 12. mgr. 107. gr. breytist og orðast svo: Stærð rannsóknarverkefnis skal vera 60 námseiningar.

7. gr.

Í stað orðanna „sbr. 5. mgr.“ í 14. mgr. 109. gr. kemur: sbr. 2. mgr.

8. gr.

Í stað orðanna „sbr. 5. mgr.“ í 21. mgr. 111. gr. kemur: sbr. 2. mgr.

9. gr.

Í stað orðanna „sbr. 6. mgr.“ í 14. mgr. 113. gr. kemur: sbr. 2. mgr.

10. gr.

Í stað orðanna „sbr. 5. mgr.“ í 14. mgr. 115. gr. kemur: sbr. 2. mgr.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 119. gr.:

- a. Upptalning kennslugreina til B.Ed.-prófs í a. lið 1. mgr. breytist og orðast svo: Leikskóla-kennarafræði, grunnskólakennarafræði og kennslufræði verk- og starfsmenntunar.
- b. Upptalning kennslugreina til M.Ed.-prófs í b. lið 1. mgr. breytist og orðast svo: Leikskóla-kennarafræði, menntunarfræði leikskóla, grunnskólakennarafræði, kennslufræði grunnskóla, náms- og kennslufræði og kennslufræði framhaldsskóla.
- c. Upptalning kennslugreina til MA-prófs í c. lið 1. mgr. breytist og orðast svo: Náms- og kennslufræði.

Nr. 1095

5. desember 2014

d. 2. mgr. orðast svo:

Kennaradeild er skipað í þrjár námsbrautir, sbr. ákvæði 21. gr. þessara reglna: Námsbraut í leikskólakennarafræði, námsbraut í grunnskólakennarafræði og námsbraut í kennslufræði framhaldsskóla og háskóla.

e. Í stað tölunnar „20“ í 2. málsl. 9. mgr. kemur: 30.

f. Í stað orðanna „BA- eða BS-prófi“ í 1. málsl. 15. mgr. kemur: MA- eða MS-prófi.

12. gr.

Á eftir 12. mgr. 121. gr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Diplómanám í uppeldis- og menntunarfræði er sjálfstætt 60 eininga nám á meistarastigi.

13. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 5. desember 2014.

Kristín Ingólfssdóttir.

Pórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2014